

Áfram Árneshreppur!

Ársskýrsla fyrir árið 2019

Áfram var unnið að verkefninu Áfram Árneshreppur! sem er undir hatti Brothættra byggða og Byggðastofnun í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Starf verkefnisstjórnar

Þann 16. ágúst 2019 var haldinn íbúafundur í félagsheimilinu í Árnesi þar sem farið var yfir framvindu mála og skerpt á markmiðasetningu. Sá fundur var mjög gagnlegur og ríkti bjartsýni.

Verkefnisstjórn hélt 5 fundi, í lok apríl, 22. maí, 18. júní, 13. ágúst og 12. desember.

Auk þess voru haldnir kynningar- og samráðsfundir verkefnisstjóra Brothættra byggða í byrjun árs og aftur í lok október.

Stofnun Verzlunarfjelags Árneshrepps

Um mánaðamótin jan/feb var haldinn stofnfundur félags um verslunarrekstur í hreppnum. Hlaut félagið heitið Verzlunarfjelað Árneshrepps. Hluthafar urðu 138, þar af margir brottfluttir íbúar Árneshrepps. Hlutfé varð alls 5.225.000 kr. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra kom og opnaði verslunina formlega þann 24. júní 2019. Verslunin var opin daglega allt sumarið en þegar leið á haustið var opnunartíminn minnkaður og yfir háveturinn er opið 2-3 tíma tvisvar í viku.

Almenn ánægja er með verslunina meðal íbúa, enda hefur verið lagt upp úr því að hún sé hjarta samfélagsins og að þar megi gjarnan tylla sér og spjalla.

Styrkveitingar 2019

Verkefnið Áfram Árneshreppur veitti ellefu styrki á árinu 2019. Fjórum þeirra verkefna er lokið, fimm hafa óskað eftir fresti til vors en ekki hafa borist upplýsingar um tvö. Heildarupphæð styrkja var 8 milljónir króna, þar af ein milljón frá fyrra ári.

Þessi verkefni voru styrkt og hafa komið til framkvæmda:

Verzlunarfjelað Árneshrepps, styrkur til standsetningar verslunarhúsnæðis, hlaut styrkvilyrði upp á 750.000 kr. Styrkurinn var nýttur og að fullu greiddur.

Hótel Djúpavík fékk 500.000 kr. styrkvilyrði til að þróa *hjólaferðir* í nágrenni hótelsins. Sótt var um frest til vors 2020.

Hótel Djúpavík fékk 700.000 kr. styrk til að efla öryggismál í tengslum við *sleðaferðir*. Verkefninu er lokið, lokaskýrslu hefur verið skilað og styrkurinn greiddur að fullu.

Emilie Dalum fékk 250.000 kr. styrk til að standa fyrir myndlistarsýningunni *The Factory* í gömlu síldarverksmiðjunum í Djúpavík eins og undanfarin ár. Verkefninu er lokið, lokaskýrslu hefur verið skilað og styrkurinn greiddur að fullu.

Urðartindur fékk 1.200.000 kr. styrkvilyrði til að koma upp *Frisbí-golfvelli* í Norðurfirði. Verkefnið er í vinnslu og verður væntanlega tilbúið til notkunar fyrir sumarið.

Ungmennafélagið Leifur heppni fékk 700.000 kr. styrkvilyrði til að láta hana *búningsaðstöðu við Krossneslaug*. Verkefnið er komið af stað og hönnunarvinna hafin. Vonir standa til að hönnunarferlinu ljúki vorið 2020.

Strandferðir fengu 1.480.000 kr. styrkvilyrði til að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn í Norðurfjarðarhöfn. Verkefnið er í vinnslu og vonir standa til að aðstaðan verði tekin í notkun fyrir sumarið 2020.

Sigurrós Elddís Huldudóttir fékk 120.000 kr. styrkvilyrði til að koma sér upp tækjabúnaði til að gera hlaðvarpsþætti með viðtölum við íbúa Árneshrepps og aðra Vestfirðinga. Styrkurinn hefur verið greiddur að fullu, tækjabúnaðurinn hefur verið keyptur, lokaskýrslu skilað og framleiðsla hlaðvarpsþátta um það bil að hefjast.



Elín Agla Briem fékk 700.000 kr. styrkvilyrði til að vinna áfram að Þjóðmenningarskólanum. Litlar upplýsingar hafa borist um framvindu verkefnisins, en hún segist vera að vinna í þessu.

Elín Agla Briem fékk 300.000 kr. styrkvilyrði til að vinna áfram að Sveitaskólanum. Litlar upplýsingar hafa borist um framvindu verkefnisins, en hún segist vera að vinna í þessu.

Styrkvilyrði var veitt fyrir 1.300.000 kr. til að stofna ferðamálasamtök Árneshrepps og vinna kynningarefni fyrir hreppinn. Til stóð að halda stofnfund sl. haust en honum var frestað til vors.

Framvinda verkefna

- Hótel Djúpavík Hjólað í Djúpavík
- Hótel Djúpavík Sleðaferðir á Ströndum
- Hótel Djúpavík The Factory
- Verzlunarfjelag Árneshrepps
- Urðartindur Frisbígolf
- Umf. Leifur heppni Krossneslaug
- Strandferðir
- Sigurrós Elddís Huldudóttir Hlaðvarp
- Elín Agla Briem Þjóðmenningarskóli
- Elín Agla Briem Sveitaskóli
- Óstofnuð ferðamálasamtök Árneshrepps



Af átta milljón króna úthlutunarpotti hafa verið greiddar út 4.260.000 kr. eða um 53%.

Styrkveitingar 2018:

Ólafur Valsson hlaut 1.000.000 kr. styrkvilyrði fyrir verkefninu *Skútulægi*. Hann hætti síðan við verkefnið og var upphæðinni bætt við úthlutun ársins 2019

Bjarnheiður Júlía Fossdal hlaut 1.100.000 kr. styrkvilyrði til verkefnisins *Kjöttvinnsla*. Verkefninu var frestað í samráði við verkefnisstjórn.

Veittur var 1.100.000 kr. styrkur til *tækjakaupa í verslunarhúsnæðinu*. Sá styrkur var veittur til *Árneshrepps* þar sem áriðandi var talið að tækin yrðu í eign samfélagsins. Síðar var samþykkt að styrkurinn rynni til *Verzlunarfjelags Árneshrepps*, þar sem það er í svo breiðri eignaraðild. Að auki var veittur 400.000 kr. styrkur til *Ólafs Valssonar* fyrir vinnu og hönnun við endurbætur við verslunina. Styrkveitingin er því alls 1.500.000 kr, hún er að fullu greidd.


Elín Agla Briem fékk 800.000 kr. styrk til verkefnisins *Þjóðmenningarskóli*. Sá styrkur er greiddur að fullu, hann var allur nýttur til kaupa á mongólsku tjaldi sem hýsir ýmis námskeið og uppákomur.

Verkefnið *Skóli* hlaut 700.000 kr. styrk. *Vigdís Grímsdóttir* var í forsvari fyrir verkefnið í upphafi en *Elín Agla Briem* tók við verkefninu þegar *Vigdís* fluttist burt. Styrkurinn er að fullu greiddur, hann var nýttur til að halda námskeið í smalamennsku og skipuleggja frekari nýtingu í húsnæði Finnbogastaðaskóla.

Hótel Djúpavík hlaut 700.000 kr. styrk til verkefnisins *Í nýju ljósi* sem snerist um að bæta lýsingu í sögusýningunni í gömlu síldarverksmiðjunum. Styrkurinn er greiddur að fullu, hann var allur nýttur til tækjakaupa sem hafa bætt mjög upplifun gesta af sýningunni.

Hótel Djúpavík hlaut 700.000 kr. styrk til verkefnisins *Afþreyingartengd ferðaþjónusta*. Það snýst um að koma upp leiðsögn og kynningarefni fyrir ferðamenn í Reykjarfirði. Lokaskýrsla hefur borist ásamt greinargerð um nýtingu styrksins og hefur styrkurinn verið að fullu greiddur.

Sif Konráðsdóttir hlaut 500.000 kr styrk til verkefnisins *Norður Strandir Super Jeep Tours*. Það fólst í að koma á jeppaferðum fyrir ferðamenn í Árneshreppi. Verkefnið var unnið en ferðirnar lögðust af þegar styrkþegi fluttist burt úr hreppnum. Fyrri hluti styrksins var greiddur. Lokaskýrsla barst en enn er beðið eftir greinargerð um nýtingu styrksins.



Af áætlaðri úthlutun ársins 2018 hafa þannig verið greidd út 66%, 4% eru ógreidd, 16% var frestað en 14% voru felld niður og bætt við pottinn 2019

Greiðsluflæði

Tilhögun greiðslna er þannig að styrkþegar fá, að uppfylltum skilyrðum, greiðslur frá Vestfjarðastofu. Vestfjarðastofa fær samsvarandi greiðslur frá Byggðastofnun eftir því sem viðeigandi gögn berast. Þau geta verið undirritaðir samningar eða lokaskýrslur. Hver styrkgreiðsla er þannig fyrst millifærð frá Byggðastofnun til Vestfjarðastofu og síðan frá Vestfjarðastofu til styrkþega. Að mati Vestfjarðastofu er þetta ekki óskafyrirkomulag. Það er tímafrekt og með því er í raun verið að tvívinna sömu færslur. Einfaldara fyrirkomulag væri annaðhvort að:

- a) Heildarupphæð styrkja millifærist frá Byggðastofnun til Vestfjarðastofu í upphafi árs. Vestfjarðastofa greiði síðan út styrki eftir því sem skýrslur og samningar berast.
- b) Verkefnisstjóri sendi skýrslur og samninga beint til Byggðastofnunar sem greiði þá styrkina beint til styrkþega án milligöngu Vestfjarðastofu.

Markmiðasetning íbúafundar

Á íbúafundi í nóvember 2017 voru sett upp markmið í 32 liðum. Afar misjafnt er hversu hefur miðað í þeim málum, en stöðugt er unnið í því að þoka þeim áfram. Staðan er metin á íbúafundum árlega og áherslur og aðgerðaáætlanir uppfærðar.

Nafn verkefnis		25%	50%	75%	100%
Styðja við byrjendur í búskap		■	■	■	■
Tillögur um styrkingu sauðfjárræktar		■	■	■	■
Útvega útgerð veiðiheimildir		■	■	■	■
Greina umfang strandveiða		■	■	■	■
Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eflt		■	■	■	■
Möguleikar á hreindýraeldi	Frestað	■	■	■	■
Bæta innviði fyrir ferðaþjónustuna		■	■	■	■
Merking handverks og iðnaðar		■	■	■	■
Þróun minjagripa		■	■	■	■
Ferðaþjónusta í Árneshreppi verði efld		■	■	■	■
Endurgera fuglaskoðunar- og útsýnisstað		■	■	■	■
Gera fornar minjar sýnilegri		■	■	■	■
Merkingar og aðstaða við höfnina		■	■	■	■
Hitaveita úr Krossnesi í Norðurfjörð		■	■	■	■
Umhverfi gámasvæðis		■	■	■	■
Fastur afsláttur af flugfargjöldum		■	■	■	■
Samskipti við Vegagerðina		■	■	■	■
Veiðileysuháls		■	■	■	■
Breyta reglum um vetrarþjónustu		■	■	■	■
Hefja umræðu um undirbúningur jarðganga		■	■	■	■
Smávirkjanir		■	■	■	■
Finnbogastaðaskóli		■	■	■	■
Bætt lækniþjónusta		■	■	■	■
Fjarþjónustu heilsugæslu og félagsþjónustu		■	■	■	■
Ljósleiðaravæðing		■	■	■	■
Verslun		■	■	■	■
Plastpokalaus Árneshreppur		■	■	■	■
Hreinsunarátak í fjörum		■	■	■	■
Fræðslu- og tómstundanámskeið		■	■	■	■
Mat á húsnæðisþörf		■	■	■	■
Ferðafólk í smalamennsku		■	■	■	■

Hugleiðingar verkefnisstjóra

Fyrirkomulag á útborgun styrkja

Mínir yfirmenn hafa gert athugasemdir við fyrirkomulagið um greiðslur styrkja. Ég er sammála því, þetta er algjör tvíverknaður. Betra væri að þetta væri gert á annan þessara tveggja háttá:

- a) Heildarupphæð styrkja yrði millifærð strax í upphafi árs frá Byggðastofnun til Vestfjarðastofu sem sér síðan um útborgun styrkja skv samningum, framvinduskýrslum og lokaskýrslum. Vestfjarðastofa skilar síðan yfirliti í lok árs.
- b) Byggðastofnun greiði styrkina beint til styrkþega þegar samningar eða lokaskýrslur hafa borist án aðkomu Vestfjarðastofu.

Staðan

Árneshreppur er orðin afar brothætt byggð. Aðeins um 15 manns búa þar allt árið. Einangrunin er mikil og enn er svokölluð G-regla í gildi sem segir að Vegagerðin skuli ekki moka snjó af veginum úr Bjarnarfirði norður í Árneshrepp frá því um áramót fram yfir 20. mars. Sérstakt 5 milljón króna framlag kom nú í haust frá ríkinu til snjómoksturs yfir þennan tíma en það er bara til eins árs. Íbúarnir eru orðnir vanir einangruninni og kippa sér kannski ekki upp við þetta harðræði, en það gefur auga leið að venjulegt fólk hugsar sig tvisvar um áður en það velur að taka sig upp og flytja á svæði sem býr við þessar aðstæður. Í lok árs á reyndar að taka upp niðurgreiðslur á flugi fyrir þá sem eiga lögheimili í hreppnum, eina ferð á þessu ári en síðan þrjár ferðir á ári. Sumum finnst þetta lítið, en allt hjálpar vissulega til.

Ég tel líklegt að það verði áfram byggð og starfsemi í Árneshreppi á sumrin, enda ýmis tækifæri tengd ferðamennsku, talsverð sumarhúsabyggð og strandveiðisjómenn dvelja þar á meðan þeir geta. Byggð yfir vetrartímann mun að öllum líkindum leggjast af á allra næstu árum. Sauðfjárnúskapur er kjölfestan í heilsársbyggð og meðalaldur sauðfjárnúskapara fer hækkandi. Þeir sem bregða búi vilja ógjarnan selja jarðir sínar svo það verður lítið um endurnýjun og með hverjum bónda sem hættir eykst álagið á þá sem eftir eru, t.d. við göngur. Svo er staða sauðfjárnúskapara almennt ekkert sérlega spennandi fyrir ungt og dugandi fólk.

Til að heilsársbyggð haldist í Árneshreppi þarf a.m.k. tvennt að koma til:

- 1) Vel launuð atvinnutækifæri.

Þær virkjanaframkvæmdir sem standa fyrir dyrum munu ekki skapa störf til langs tíma. Það þarf að koma upp einhverskonar starfsemi á sæmilega stórum skala. Með virkjanaframkvæmdum kemur væntanlega þriggja fasa rafmagn og ljósleiðari í byggðina. Það gæti skapað forsendur fyrir starfsemi, t.d. á sviði gagnavera, landeldis eða annars.

- 2) Samgöngur þurfa að batna.

Á samgönguáætlun er áætlað að fara í endurbætur á Veiðileysuhálsi á árunum 2023-4. Einhver merki sjást þess að farið sé að huga að veglagningu yfir Veiðileysuháls og vonandi verður farið í þá framkvæmd sem fyrst. Íbúar hafa áhyggjur af því að sú veglagning verði með sama sniði og Bjarnarfjarðarhálsinn, sem er fínasti sumarvegur en ekki vel hannaður með tilliti til snjóöfnunar.

Hólmavík, 5. mars 2020

Skúli Gautason, verkefnisstjóri